


1968
2008
40 ára

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN

1. tbl. - 2009

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
1. tölublað - 25. árgangur 2009 - 65. blað





Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Steinar Adolfsson
framkvæmdastjóri



Stefanía Vigfúsdóttir
skrifstofustjóri

Prófórk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson

## Efnisyfirlit













Mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæsla .......................... 4

Auðgunarbrot og útlendingar.......... 8

Nýr mælikvarði á störf lögreglunnar...................... 14

Skýrslutaka hjá lögreglu ............... 16

Orlofshús LL árið 2009 .................. 26

Íþróttir ........................................... 28

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi
lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is

www.ll.bsrb.is

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Forðist skammstafanir.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannsorð



*Lögregla á Íslandi hefur gengið í gegnum eina mestu eldraun sína, sennilega frá upphafi vega, í kjölfar bankahrunsins í október s.l. og „búsáhaldabyltingunni“ sem fylgdi í kjölfar hrunsins. Í fyrsta sinn, frá inngöngu Íslands í NATO árið 1949, þurfi lögregla að beita táragasi á mótmælendur, samskonar gasi og notað var við uppþotin sem urðu á Austurvelli í kjölfar inngöngunnar í NATO. Sá tími sem lögregla stóð vaktina utan við Alþingi Íslendinga, Stjórnarráðið og víðar um land reyndi gríðarlega á hinn almenna lögreglumann og ekki síður fjölskyldur þeirra og aðstandendur. Nokkur fjöldi lögreglumanna meiddist í þessum átökum, sem því miður, er óhjákvæmilegur fylgifiskur slíkra uppþota. Mannfjölda- og óeirðastjórnun lögreglu eru gerð ágætis skil, í þessu blaði, í góðri grein Jóns F. Bjartmarz, yfirlögregluþjóns hjá ríkislögreglustjóranum.*

*Í nýlega útgefinni afbrotatölfræði, frá ríkislögreglustjóranum, sést að gríðarleg aukning hefur orðið hverskonar auðgunarbrotum eða allt að 98% á því tímabili, sem tekur yfir mánuðina október til mars 2008 – 2009 borið saman við sama tímabil 2007 – 2008 sem er tímabilið í kjölfar bankahrunsins. Það eru engin ný sannindi að afbrot hverskonar aukast að jafnaði í efnahagsþrengingum og hefði því ekki átt að koma stjórnvöldum á óvart að slíkt myndi gerast í kjölfar alvarlegustu efnahagsþrenginga sem þessi þjóð hefur gengið í gegnum. Það er því hreint alveg með ólíkindum að stjórnvöld skuli, á sama tíma og slík aukning á sér stað í afbrotum, grípa til þess ráðs að skera niður í löggæslu. Þannig hefur t.d. stöðugildum lögreglumanna hjá lögreglustjórunum á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu fækkað um sextíu (60) frá sameiningu lögregluembættanna sem hrint var í framkvæmd í ársbyrjun 2007. Þetta, lauslega áætlað, þýðir „sparnað“ upp á rúmar fjögur hundruð milljónir (400.000.000,-). Þrátt fyrir þennan gríðarlega „sparnað“ er rekstur lögreglu, mjög víða, enn í járnum og sterkar kröfur gerðar á stjórnendur þessara stofnana um frekari sparnað og aðhald í rekstri. Ein afleiðing þessa metnaðar- og stefnuleysis stjórnvalda í löggæslumálum kemur fram í þeim tölum um afbrot sem nýlega birtust í afbrotatölfræði ríkislögreglustjórans. Ein grein í blaði þessu, eftir Aðalstein Aðalsteinsson, rannsóknarlögreglumann, fjallar einmitt um eina birtingamynd þessarar staðreyndar.*

*LL hefur, um langan tíma, bent á þá staðreynd að enn hefur ekki verið skilgreind sú lágmarksþjónusta sem lögreglu beri að sinna. Þannig er lögreglustjórunum falið það gríðarlega vandasama verk að sníða sér afar þröngan stakk úr þeim fjárveitingum sem þeim eru naumt skammtaðar.*

*Hlutverk löggjafarvaldsins, að mati LL, er að skilgreina öryggisstig í landinu og í kjölfarið á því að skilgreina þjónustustig lögreglu. Þegar þessi grunnskilgreining liggur fyrir er fyrst hægt að áætla mannaflaþörf lögreglu og að síðustu að áætla fjárveitingar sem þarf til að halda starfseminni gangandi m.v. gefnar forsendur. Hér er, að sjálfsögðu, ekki tekið á óvæntum atburðum – sem kosta gríðarlegar fjárhæðir – eins og t.d. þeim uppþotum sem áttu sér stað í miðborg Reykjavíkur í „búsáhaldabyltingunni“ svokölluðu.*

*LL gerir þær kröfur, nú sem endranær, að rekstrargrundvöllur lögreglu í þessu landi verði tryggður þ.a. að þegnar þessa lands geti óhræddir verið um eigur sínar og líf. Hér verður sérstaklega að horfa til þeirrar einföldu staðreyndar að hér á landi er engan her eða þjóðvarðlið að hörfa til, ef í nauðirnar rekur, líkt og er í öllum þeim löndum sem við sem þjóð, gjarnan berum okkur saman við. Þetta er hlutverk Alþingis!*

# Ritstjórapistill



*Við lifum nú um stundir á sérkennilegum tímum. Mikill óvissa er uppi í þjóðfélaginu um hvaða skref stjórnvöld ætla að taka til að fylla upp í fjárlagagatið sem voru 150 milljarðar er fjárlög voru samþykkt í lok síðasta árs og reyndar stefnir í enn hærri tölu sem er óráðin á þessari stundu. Atvinnuleysi er gríðarlegt, fyrirtæki eru í rekstrarvanda m.a. vegna óhagstæðra vaxtakjara og skorts á fjármagni og sami vandi blasir í raun við heimilunum. Ákveðin biðstaða hefur verið uppi vegna ákvörðunar um að efna til kosninga en í framhaldi myndunnar nýrrar ríkisstjórnar munu hlutirnir verða skýrari og vonandi verður þá allur vandinn settur á borðið og vegferðin vörðuð til framtíðar. Þá fyrst vitum við hvaða stöðu við erum raunverulega í og til hvaða aðgerða gripið verður til svo unnt sé að ná endum saman.*

*Ekki liggur því fyrir er þessi orð eru skrifuð hvað stjórnvöld ætla að gera varðandi opinberan rekstur en ljóst er að framundan er niðurskurður. Kjarasamningarviðræður eru framundan en það er sammerkt skoðun forystumanna verkalýðshreyfingarinnar að viðfangsefnið verði að verja störfin og að ekki sé mikil von til raunverulegra kjarabóta. Hvað varðar lögregluna sérstaklega þá er það alþekkt að við þær aðstæður sem eru uppi nú verður hlutverk lögreglunnar enn mikilvægara en það er í venjubundnu ástandi. Hvort það gefur tilefni til vonarglætu um að kjörum okkar félagsmanna verði á einhvern hátt hlíft er ekki gott að segja á þessari stundu – tíminn einn mun leiða það í ljós. Víst er að ástandið hefur enn og aftur staðfest hve mikilvægt það er til framtíðar að tryggja lögreglumönnum mannsæmandi grunnlaun enda önnur umsamin ráðningarkjör hvikul eins og dæmin sanna nú.*

*Vera má að í komandi viðræðum verði fremur horft verði meira inn á við og skoðaðar ýmsar aðrar leiðir en bein hækkun launa svo sem stytting vinnuviku vaktavinnufólks. Hvað sem verður þá er í það minnsta ljóst að lögreglumenn hafa á undanförnum vikum og mánuðum unnið þrekvirki svo eftir hefur verið tekið í þjóðfélaginu - vonandi skilar það okkur einhverjum ávinningi í næstu lotu.*

*Að lokum vil ég óska lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegs sumars.*



# Mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæsla



*Jón Bjartmarz, yfirlögregluþjónn hjá embætti ríkislögreglustjóra*

**Upphafið að núverandi skipulagi mannfjöldastjórnunarliðs lögreglunnar má rekja aftur til ársins 2001. Mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæsla hefur þó verið æfð í Lögregluskólanum frá upphafi skólans. Hins vegar voru ekki fyrir hendi verklagsreglur eða heildstætt skipulag um framkvæmdina né sérþjálfaður liðsafli og má segja að margt af því sem kennt var á árum áður hafi verið orðið úrelt enda þarf verklag lögreglu að vera í sífelldri endurskoðun. Þjóðfélagsbreytingar kalla á breyttar aðferðir og tækjabúnað og nauðsynlegt er að lögreglan fylgist vel með og tileinki sér nýjan búnað og vinnuaðferðir.**




*Ljósm. tæknideild lögreglunnar.*

Árið 2001 hóf ríkislögreglustjóri athugun á nauðsyn þess að koma upp viðbúnaði lögreglu vegna mannfjöldastjórnunar. Ljóst var að á Norðurlöndum og víðar á Vesturlöndum hafði komið til alvarlegra óeirða og í aðdraganda þess að hér yrði haldinn utanríkisráðherrafundur NATO- ríkjanna árið 2002 var því hafist handa við að endurskoða aðferðir og marka stefnu um lágmarksbúnað og fjölda lögreglumanna sem lögreglan þyrfti að geta kallað til starfa vegna mannfjöldastjórnunar. Að hluta var byggt á þeim aðferðum sem sérsveit ríkislögreglustjóra hafði þróað um beitingu táragass og við hústökur, svo sem vegna fangauppþota. Hafði reynt á það skipulag bæði við uppþot sem urðu á Litla-Hrauni og vegna kappleiks milli KR og Everton sem fram fór hér á landi.

Þó að hérlendis hafi verið lítið um ófriðsamleg mótmæli eða óspektir um langt árabil leit lögreglan alls ekki svo á að í því fælist að til slíkra atburða gæti ekki komið og því væri nauðsynlegt fyrir lögreglu að hafa viðbúnað til að takast á við slíkt. Þá varð einnig að taka mið af því að hérlendis hafði á árum áður komið til alvarlegra átaka og að lögreglan yrði að hafa viðbúnað svo sem vegna alþjóðlegra funda eða knattspyrnuleikja sem fram færu hér á landi.

Ríkislögreglustjóri gaf út handbók og verklagsreglur um mannfjöldastjórnun árið 2002 sem tóku mið af reynslu lögreglunnar hérlendis en einnig var stuðst við aðferðir og skipulag dönsku, bresku og norsku



lögreglunnar. Valdar voru þær aðferðir sem þóttu henta fyrir lögregluna hér og aðstæður hér á landi. Verklagsreglur þessar fjalla um aðferðir og skipulag sem nauðsynlegt er að lögreglan æfi til þess að geta tekist á við mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæslu. Nauðsynlegt er að hafa staðlaðar aðferðir og skipulag sem samhæfður hópur starfar eftir undir skipulegri stjórn því annars er hætt við að lögreglan fái lítt ráðið við ástandið með þeim afleiðingum sem því fylgja. Lögregluaðferðir eru mótaðar með það í huga að takast á við verkefni sem geta verið mjög mismunandi frá einu tilviki til annars. Því er nauðsynlegt að aðferðirnar séu mótaðar með það fyrir augum að hægt sé að bregðast við breyttum aðstæðum. Einnig er nauðsynlegt að aðgerðir lögreglu samsvari þeim mannfjölda, tilefni og aðstæðum sem verið er að fást við hverju sinni.

Ýmsir hafa velt fyrir sér á undanförnum árum hversu brýn þörfin væri á að lögreglan hefði slíkan viðbúnað með þjálfuðum liðsafla og sérútbúnum. Hefur þá jafnvel verið haft á orði að ekki þyrfti að búast við óspektum eða óeirðum hér á landi.

Reynsla lögreglunnar hefur hins vegar sýnt að ólíklegustu hlutir eiga sér stað hér á landi sem í nágrannalöndunum og því sé nauðsynlegt að búa lögregluna undir hin margvíslegu tilvik og skipuleggja viðbúnað við atburðum sem almenningi kann að finnast ólíklegt að gerist hér á landi. Þá verður einnig að hafa í huga að mannfjöldastjórnun er nauðsynleg við atburði þar sem mikill mannfjöldi kemur saman þótt í friðsamlegum tilgangi sé.

Með mannfjölda er átt við hóp fólks sem þá stundina hefur ákveðin tengsl vegna þess að einstaklingarnir í hópnum eru saman komnir í ákveðnum tilgangi eða hafa sameiginlega hagsmuni, sameiginlegt markmið eða annað sem hefur áhrif á og skapar samkennd. Mannfjöldi getur ýmist verið friðsamlegur eða ófriðsamlegur. Mannfjöldastjórnun er svo þær aðferðir og skipulag sem lögreglan notar til þess að stjórna friðsamlegum eða ófriðsamlegum mannfjölda. Undir það fellur óeirðalöggæsla þar sem beitt er þeirri aðferð að dreifa ófriðsamlegum, ofbeldisfullum mannfjölda þar sem múgástand hefur leitt af sér óspektir og óeirðir. Alltaf er hætta á slíku þegar fólk hefur komið saman vegna sterkra tilfinninga vegna einhvers málefnis og er mjög æst. Hegðun fólksins getur verið mjög hvatskeytleg og tilfinningaþrungin og því miður getur hún orðið að skemmdarfýsn og vilja til að skaða aðra. Segja má að einstaklingsvitund sé skert og fólk upplifi sig sem hóp og sem slíkur sé viðkomandi ekki ábyrgur fyrir skaða sem hópurinn veldur jafnvel þótt viðkomandi fremji verknaðinn. Mjög æstur mannfjöldi getur því verið óútreiknanlegur og verið sam-

*Ljósmynd úr bókinni: Lögreglan á Íslandi stéttartal og saga.*



MALBIKUN KM

MÍMIR símenntun

Grand Rokk Reykjavík

Reykjavíkurborg Bílastæðasjóður

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

## Reykjavík

A. Wendel ehf.
Tangarhöfða 1
About Fish Íslandi ehf.
Tryggvagötu 16
Alhliða pípulagnir
Bæjarflöt 6
Alkul ehf.
Funahöfða 7
Alþjóðlegar
bifreiðatryggingar
á Íslandi
Borgartúni 35
Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1
Asía ehf.
Laugavegi 10
Atlantis gistihús
Grensásvegi 14
Auglýsingastofan
Dagsverk ehf.
Tryggvagötu 11
Auglýsingastofan
ENNEMM ehf.
Brautarholti 10
Austur Indíafélagið
Hverfisgötu 56
Áfengis- og tóbaksverslun
ríkisins.
Stuðlahálsi 2
Ásfell ehf.
Fremristekk 11
B.K. flutningar ehf.
Krosshömrum 2
Bakkus ehf
Héðinsgötu 1
Barnalæknaþjónustan ehf.
Egilsgötu 3 Domus Med
Bernhöftsbakarí ehf.
Bergstaðastræti 13
Bifreiðabyggingar sf.
Tangarhöfða 5
Bifreiðastjórafélagið Frami
Fellsmúla 24-26
Bifreiðastjórafélagið
Sleipnir
Mörkinni 6
Bílaleigan AKA ehf.
Vagnhöfða 25
Bílasmiðurinn hf.
Bíldshöfða 16
Bílastofan ehf.
Bíldshöfða 18
Bílaverkstæði
Jóns T. Harðarssonar
Bíldshöfða 18
Bílfang ehf
Malarhöfða 2
Bílvirkinn ehf.
Súðarvogi 46
Björgun ehf.
Sævarhöfða 33
Björn Traustason ehf.
Vogalandi 1
Blái Turninn
Háaleitisbraut 66
Blómabúðin Hlíðablóm
Háaleitisbraut 68
Booztbar/Ísbar
Grandavegi 45
Borgarbílastöðin ehf.
Nýlendugötu 26
Bókhaldsstofa Ingimundar T.
Magnússonar
Ármúla 15
Bókhaldsþjónusta Arnar
Ingólfssonar ehf
Nethyl 2a
Bókhaldsþjónusta Gunnars
ehf.
Ármúla 29
Bólstrunin Miðstræti 5
Miðstræti 5
Bón-Fús
Flétturima 27
Breki Jarðverk ehf.
Box 8180 Álakvísl 88
Brynja ehf. verslun
Laugavegi 29
Brynjólfur Eyvindsson hdl
Kringlunni 7,
Bræðurnir Ormsson ehf.
Síðumúli 9
BSR ehf.
Skógarhlíð 18
BSRB
Grettisgötu 89
Byggingafélag Gylfa og
Gunnars hf.
Borgartúni 31
Bændasamtök Íslands
Hagatorgi
Cabin ehf.
Borgartúni 32
Carpe diem - Þ.Þ. Veitingar
ehf.
Rauðarárstíg 18
Coma ehf.
Kirkjustétt 15
Danica sjávarafurðir ehf.
Laugavegi 44
DHL á Íslandi
Skútuvogi 1d
Diantina ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Dún og Fiður ehf.
Laugavegi 87
Dvalar og hjúkrunarheimilið
Grund
Hringbraut 50
Dynjandi ehf.
Skeifunni 3h
E. Ólafsson ehf.
Geirsgötu 9
Efling stéttarfélag
Sætúni 1
Efnalaugin Perlan ehf.
Langholtsvegi 113
Eirvík heimilistæki hf.
Suðurlandsbraut 22
Ellen Ingvadóttir lögg.
dómtúlkur og skjalþýðandi
Brautarholti 28
Endurskoðun og
reikningsskil hf.
Stangarhyl 5
Eyrir Fjárfestingafélag ehf.
Skólavörðustíg 13
Farmanna- og
fiskimannasamband
Íslands
Grensásvegi 13
Farmur ehf.
Flutningaþjónusta
Eldshöfða 23
Fasteignamarkaðurinn ehf.
Óðinsgötu 4
Faxaflóahafnir
Tryggvagötu 17
Felgur-smiðja ehf.
Axarhöfða 16
Félagsbústaðir hf.
Hallveigastíg 1
Fínka
málningarverktakar ehf.
Norðurási 6
Flísalagnir Afrims ehf
Torfufell 30
Fótaaðgerðastofa
Reykjavíkur ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Frumherji hf.
Hesthálsi 6-8
Frumkönnun ehf
Hæðargarði 14
G.B. Tjónaviðgerðir ehf.
Draghálsi 8
Gagnaeyðing ehf.
Bæjarflöt 4
Gagnageymslan ehf.
Smiðshöfða 1
Gallerí Fold
Rauðarárstíg 14
Garðmenn ehf.
Skipasundi 83
Gilbert úrsmiður
Laugavegi 62
Laugavegi 62
Gistiheimilið Aurora
Freyjugötu 24
Gistihúsið Ísafold
Bárugötu 11
Gistihúsið Písa
Lækjargötu 6b
Gjögur hf.
Kringlunni 7
Golfklúbbur Reykjavíkur
Thorsvegi 1
Grant Thornton
endurskoðun
Suðurlandsbraut 20
Grásteinn ehf.
Grímshaga 3
Grensáskirkja
Háaleitisbraut 66
Grensásvideo ehf.
Grensásvegi 24
Gró ehf.
Skútuvogi 10b
Gullsmiðurinn í Mjódd
Álfabakka 14b
Gunnar Helgason hrl.
Vesturgötu 7 íb. 208
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
Tjarnargötu 10d Box 1067
Hafgæði sf.
Fiskislóð 47
Hafnarsmiðjan ehf
Grandagarði 18
Hagar hf.
Skútuvogi 7
Hageyri ehf.
Höfðabakka 1
Happdrætti Háskóla Íslands
Tjarnargötu 4
Harley Davidson
Íslandi ehf.
Grensásvegi 16
Haukur Hjaltason
Vatnagörðum 8
Haukur Þorsteinsson
tannlæknir
Óðinsgötu 4
Háfell ehf.
Skeifunni 11
Hárgreiðslustofan
Greiðan ehf
Háaleitisbraut 58-60
Hárgreiðslustofan Tinna
Furugerði 3
Hársnyrtistofa Dóra
Langholtsvegi 128
Hátækni ehf.
Ármúla 26
Henson hf.
Brautarholti 24
Hereford steikhús
Laugavegi 53b
Hilmar D. Ólafsson ehf.
Langholtsvegi 13
Hilmar Ingimundarson Hrl.
Austurstræti 10a
HIS
Krókhálsi 5
Hjólbarðaverkstæði
Grafarvogs
Gylfaflöt 3
Hljóðfæraverslun
Pálmars Árna
Rangárseli 6
Hlynur Jörundsson ehf.
Fellsmúla 18, Kjallari
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Skólavörðustíg 45
Hreysti ehf.
Skeifunni 19
HS Pípulagnir ehf.
Hraunbæ 78
Hugvit hf.
Tunguhálsi 19
Humarhúsið
Amtmannsstíg 1
Húsafriðunarnefn ríkisins
Suðurgötu 39
Húsaklæðning ehf.
Hólmaslóð 2
Höfðakaffi ehf.
Vagnhöfða 11
IÐNÓ
Vonarstræti 3
Iðntré ehf.
Draghálsi 10
Ísbúðin Fákafeni 9
Fákafeni 9
Íslandspóstur hf.-
markaðs-og kynningadeild
Stórhöfða 29
Íslenskir fjallaleiðsögum ehf.
Vagnhöfða 7
Íslenskir fjárfestar ehf
Skipholti 50c,Box 5070
Ísmar hf.
Síðumúla 28
Ís-spor hf.
Síðumúla 17
J. Eiríksson ehf.
Tangarhöfða 5
Janusbúðin Emla ehf.
Barónstíg 3
Jens Guðjónsson hf.
Stigahlíð 45-47 box 3003
Jóhannes Long ljósmyndari
Ásholti 2
JP Lögmenn ehf.
Lágmúla 5
Kaffi Sólon
Bankastræti 7a
Karton hf.
Höfðabakka 9
Kemis ehf.
Breiðhöfða 15
Kjúklingastaðurinn
Suðurveri ehf
Fljótaseli 16
Kjöthöllin Skipholti 70 ehf.
Skipholti 70
Klapparholt ehf.
Esjugrund 68
Knattborðsstofan Klöpp
Faxafeni 12
Kognam - Núðluhúsið ehf
Laugavegi 59
KOM Almannatengsl
Borgartúni 20
Kópsson ehf
Hyrjarhöfða 4
Kr. St. lögmannsstofa ehf
Austurstræti 10a
Kvikk þjónustan ehf
Bíldshöfða 18 bakhús
Lagaþing sf Þorbjörg I.
Jónsdóttir hrl.
Túngötu 14
Lagnagæði ehf.
Flúðaseli 94
Landhelgisgæsla Íslands
Skógarhlíð 14
Landslög lögfræðistofa
Köllunarklettsvegi 2
Landssamtök lífeyrissjóða
Sætúni 1
Langholtskjör
Langholtsvegi 176
Laugarásvideó ehf.
Dalbraut 1-3
Ljósboginn ehf.
Bíldshöfða 14
Loftstokkahreinsun ehf
Garðhúsum 6
Lögfræðiskrifstofa
Tryggva Viggóssonar
Kringlunni 7
Lögfræðistofa Þuríðar
Halldórsdóttur hdl.
Hverfisgötu 105
Löggarður ehf.
Kringlunni 7, 7. hæð
Lögmannastofan Skipholti sf.
Bolholti 6
Lögmannsstofa
Björgvins Þorsteinssonar
hrl. ehf.
Tjarnargötu 4
Lögmenn Árbæ
Nethyl 2
Lögmenn ehf.
Björgvin Jónsson hdl
Skipholti 50d
Lögskil ehf.
Suðurlandsbraut 48
Málarameistarar hf
Logafold 188
Minjavernd
Amtmannsstíg 1

settur af einstaklingum sem eru til í að fremja alvarleg lögbrot annars vegar og hins vegar einstaklingum sem eru áhrifagjarnir og tilbúnir að fylgja öðrum eftir í afbrotum.

Óspektir og óeirðir eru verknaðir ófriðsamlegs mannfjölda sem meðvitað eða ómeðvitað reynir með ofbeldi að trufla almannafrið og allsherjarreglu eða fremja ólöglega verknaði. Skapast hefur ástand þar sem framin eru skemmdarverk og reynt að valda líkamsskaða. Einnig er algengt að reynt er að ryðjast með ofbeldi inn á staði í opinberri eigu eða einkaeigu. Hindruð er með valdi lögleg framkvæmd eða lögleg mótmæli eða aðgengi fólks í löglegum erindagjörðum að stað eða byggingu. Slíkt ástand getur brotist út með stuttum fyrirvara eða jafnvel verið undirbúið án vitneskju lögreglu. Aðdragandi getur verið að því að fólk safnist saman, en síðan komi ekki í ljós, fyrr en slíkt hefur gerst, að mannfjöldinn sé ófriðsamlegur. Lögreglan hafi því stuttan tíma til undirbúnings aðgerða. Því verður ekki ofmetin nauðsyn þess að lögreglan nýti ávallt tímann til undirbúnings ef fyrirvari er á að mannfjöldi safnist saman af einhverju tilefni og í öllum tilvikum er ljóst að mjög mikilvægt er að lögreglan hafi fyrir fram undirbúið skipulag um viðbrögð og uppstillingu liðs.

Skipulagður viðbúnaður lögreglu vegna mannfjöldastjórnunar og óeirðalöggæslu felst í samræmdu skipulagi lögregluliða eftir flokkaskipan, samhæfðri þjálfun og stöðluðum útbúnaði flokkanna. Þegar lögreglumenn starfa undir flokkaskipan eru þeir undir ströngum aga. Hópurinn starfar sem ein heild og stjórnast af beinum skipunum stjórnanda. Mannfjöldastjórnun og óeirðalöggæsla kalla á að unnið sé eftir flokkaskipan og stjórnun sé mjög ákveðin og formföst þannig að liðskipan riðlist ekki og skipunum sé fylgt strax eftir og á samræmdan hátt.

Grunneining lögreglunnar í flokkaskipan felst í 8 manna flokki. Hægt er að skipta flokknum upp í tvo hópa eða setja saman flokka og mynda þannig sveit eða fylki. Flokkar starfa ýmist sem gönguflokkar án sérstakrar bifreiðar fyrir flokkinn eða sem bílaflokkar með bifreið sem fylgir flokknum og er þá einn úr flokknum bílstjóri. Með því ávinnst að tryggja meiri hreyfanleika liðsins auk þess sem margvíslegur stuðningur er af bifreiðinni og aukið öryggi fyrir lögreglumenn.

Bílaflokkar eru þannig notaðir til þess að auka viðbragð, styrk og ekki síst hreyfanleika. Skipanir eru gefnar með sama hætti og um gönguflokka gildir og eru í meginatriðum samsvarandi en taka mið af þeirri breytingu að flokkarnir eru ýmist í eða utan við ökutækin. Það skal tekið fram að við notkun bíla á móti æstum ófriðsamlegum múg er miðað við að lögreglubílar séu sérútbúnir.

Með tilkomu aukinnar notkunar lögreglubíla við mannfjöldastjórnun breytast aðferðir lögreglunnar að mörgu leyti og ökumenn lögreglubifreiðanna verða mjög mikilvægir í öllum aðgerðum lögreglunnar.

Lögreglubílar eru þá notaðar við stýringu á mannfjölda og sem skjól fyrir lögreglumenn í óeirðum og jafnvel sem lokunartálmar þar sem mikið mæðir á. Það fyrirkomulag að starfa með bílasveitir við mannfjöldastjórnun gefur lögreglu auk þess aukna möguleika við aðgerðir og stjórnendur hafa því fleiri úrræði til að grípa til og návígi lögreglumanna og ófriðsamlegra einstaklinga er minna og því ekki eins mikil hætta á meiðslum vegna líkamlegra átaka.



Lögreglan á Íslandi er mjög meðvituð um rétt almennings til að mótmæla og lögreglan leitast ávallt við að gera viðeigandi ráðstafanir vegna umferðar og að tryggja reglu og stuðla að því að mótmæli geti farið friðsamlega fram og að ekki skapist almannahætta vegna þeirra.

Þeir atburðir sem áttu sér stað í miðbæ Reykjavíkur í janúar síðastliðnum, þar sem unnin voru skemmdarverk og grjóthnullungum grýtt í lögreglumenn svo alvarleg líkamsmeiðsl hlutust af eru hins vegar lögbrot sem varða við hegningarlög en ekki lögleg mótmæli. Um er að ræða óspektir og óeirðir sem lögreglunni ber að afstýra og eftir atvikum handtaka brotlega einstaklinga. Við slíkar aðstæður þarf lögreglan að vera vel útbúin og skipulögð við aðgerðir til þess að sem minnstur skaði hljótist af.

Frammistaða lögreglunnar við þessar aðstæður í janúar sannaði með ótvíræðum hætti að mannfjöldaskipulag lögreglunnar, sérþjálfun lögreglumanna og sérstakur búnaður var í reynd lífsnauðsynlegur til þess að afstýra að ástandið yrði óviðráðanlegt og að enn verri skaði hlytist af. Lögreglumenn sem tóku þátt í aðgerðum héldu ró sinni og yfirvegun og eiga heiður skilið fyrir frábæra framgöngu við oft og tíðum lífshættulegar aðstæður.








# Auðgunarbrot *og útlendingar*





*Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður hjá LRH.*



**Þjófnaðarmál hafa verið mér lengi hugleikin og hvað knýr menn til þjófnaðar, hvort um sé að ræða veiki, hvort menn ásælast vissan hlut án þess að borga fyrir hann eða af öðrum ástæðum. Ég hef starfað sem rannsóknarlögreglumaður í auðgunarbrotum í liðlega 8 ár á um 20 ára ferli. Löngun og áhugi á öllu er við kemur þjófnaði hefur ekki dvínað hjá mér á þessum tíma. Þjófnaðir sem við þekkjum hér á landi eru yfirleitt ekki skipulagðir, heldur meira tilviljunarkenndir. Samt sem áður er að verða nokkuð viðsnúningur í þessum efnum og maður er að sjá meira um skipulagða þjófnaði og dýrari munum stolið.**

Nú síðustu ár í góðærinu varð mikil aukning á erlendu vinnuafli. Samfara því varð mikil aukning þjófnaða. Það virðist vera viðkvæmt umræðuefni meðal þjóðarinnar þegar kemur að því að ræða um þjófnað útlendinga. Síðustu ár hefur erlent vinnuafl streymt til landsins, sérstaklega frá Austur-Evrópu, með ESB-samningi, sem opnar á flæði erlends vinnuafls. Ég vil taka fram að erfitt er skrifa um þjófnaði þar sem útlendingar eiga hlut að máli án þess að hljóta rasista–stimpil.

Það sem mér hefur þótt einkennilegt er hversu stór hluti Austur-Evrópubúa stundar þjófnaði hér á landi. Útlendingar sem sérhæfa sig í þjófnuðum eru í allt öðrum klassa en þeir íslensku þjófar sem maður er vanur að glíma við. Erlendu aðilarnir eru vel skipulagðir og hafa verslanir sérstaklega fengið að reyna á kunnáttu þessara aðila. Erlendir aðilar stela í meira magni og dýrari hlutum. Við erum með aðila sem stunda oft hefðbundna vinnu og þjófnað sem aukastarf og senda síðan afrakstur tómstundaiðjunnar til síns heimalands. Er ávinningur þessarar iðju gríðarlegur, en áhættan í algjöru lágmarki.

Á árinu 2008 haldlagði lögreglan á Íslandi liðlega 3000 kg af póstsendingum á leið til Póllands og Litháen. Nánast allir haldlagðir munir tengdust þýfi og var komið til skila.

Erlendu aðilarnir virðast kunna leikinn og gera lögreglunni erfitt fyrir í yfirheyrslu. Í grein sem þessari er ekki hægt útskýra nákvæmlega hvað ég á við þar sem þá væri ég að gefa of miklar upplýsingar. Erlendu aðilarnir nýta sem kostur er lögfræðiaðstoð á kostnað ríkisins. Sumir erlendu aðilarnir hafa komið hér við sögu aftur og aftur. Í flestum tilfellum hefur lögreglan aðeins tekið brotabrot af þeim þjófnaðarmálum sem þeir tengjast og öllum ljóst að ávinningur þeirra er umtalsverður. Þýfinu er síðan komið úr landi og hefur heyrst að sé mest selt á götumörkuðum í Póllandi og Litháen. Sem dæmi hefur stundum verið hægt að kaupa þar sígarettur með íslenskum viðvörunum, verkfæri merkt íslenskum verktökum, ilmvötn, snyrtivörur, fatnað merktan íslenskum framleiðendum, o.fl. Við höfum upplýsingar um bíla sem fluttir hafa verið með Norrænu á leið til Austur-Evrópu og hafa verið með umtalsvert þýfi innanborðs.

*Á árinu 2008 haldlagði lögreglan á Íslandi liðlega 3000 kg af póstsendingum á leið til Póllands og Litháen. Nánast allir haldlagðir munir tengdust þýfi og var komið til skila.*




*Kannski ekki alslæmt að aðilar komi sér burtu frá landinu áður en viðkomandi þarf að afplána, þar sem það kostar liðlega 9,5 milljónir að vera með einn fanga í íslensku fangelsi á ársgrundvelli.*

Þjófnaður meðal nágranna okkar á Norðurlöndum hefur einnig rokið upp með breytingu á atvinnuflæði og horfir til vandræða í þeim efnum. Dómskerfi og lögregla hafa ekki náð að fylgja eftir þessum aðilum. Ég hef heyrt að brotamenn frá Austur-Evrópu horfi til Íslands með dollaramerki í augum, þar sem refsingar við þjófnuðum eru í lágmarki. Þá er einnig hægt að komast í burtu frá landinu áður en viðkomandi þarf að hefja afplánun. Kannski ekki alslæmt að aðilar komi sér burtu frá landinu áður en viðkomandi þarf að afplána, þar sem það kostar liðlega 9,5 milljónir að vera með einn fanga í íslensku fangelsi á ársgrundvelli.

Það sem þarf að gerast er að við þurfum að breyta regluverki til að aðstoða yfirvöld við að ráða bót á þessum vanda sem við höfum glímt við síðustu ár. Ég vil vekja athygli á grein sem birtist á Vísi.is 27. febr 2009. Þar kemur eftirfarandi fram, bein tilvitnun og heiti greinar:

***Erlendum brotamönnum vísað úr landi með hraði***

(Atli Steinn Guðmundsson skrifar:)

*Hertar reglur danskra lög- og dómsgæsluyfirvalda gera það að verkum að það getur tekið innan við sólarhring að dæma erlenda brotamenn og vísa þeim úr landi með fimm ára endurkomubanni. Þetta fengu tveir pólskir innbrotsþjófar í Horsens á Jótlandi að reyna. Eftir að lögregla hafði í hendur í hári þeirra fyrir að stela tölvuleikjum og blekhylkjum í prentara liðu innan við 24 klukkustundir þar til dómari hafði dæmt þá í 20 daga fangelsi og úrskurðað að auki að þeim skyldi vísað úr landi.*

Slíkum úrræðum sem koma fram í fréttinni sé ég ekki fyrir mér að yrði beitt á Íslandi, enda er ekki hægt að sjá annað en erlendar glæpaklíkur séu að ná fótfestu hér á landi. Linkind virðist vera algjör að mínu mati í þessum málaflokki, þar sem ekki er tekið á málefnum erlendra aðila sem fremja afbrot á annan hátt en þeirra íslensku. Á Íslandi gildir jafnræðisreglan, þrátt fyrir að sú regla sé að verða okkur dýr og kannski hættuleg.

Oft er viðkvæðið hjá þessum útlendu brotaaðilum að þeir séu saklausir og að lögreglan skuli sýna fram á þjófnaðinn/afbrotið, en þýfið sem viðkomandi er með nemur oft verulega háum fjárhæðum. Ekki er gerð krafa til brotamanna um að upplýsa hvar þeir keyptu hlutinn og hvar kvittanir eru. Þess heldur er gerð krafa til lögreglunnar að sýna fram á að munirnir séu stolnir. Lögin virka með brotamönnum en ekki þolendum sem eru einstaklingar og fyrirtæki.

Sem dæmi má nefna að í stóru máli sem auðgunarbrotadeild vann að fyrir 1 ½ ári voru 9 Litháar færðir í gæsluvarðhald tímabundið af fjórtán manna hópi sem fór hnuplandi í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Fjórir af hópnum voru síðan dæmdir á síðari stigum í fangelsi, engin brottvísun var í málinu að loknum dómi. Aðeins tókst að sanna þjófnað í nokkrum tilfellum, rakvéla- og snyrtivöruþjófnaði, sem byggð voru á myndbandsupptökum. Lögreglan haldlagði hins vegar fatnað og enn fleiri snyrtivörur fyrir liðlega 5 milljónir, allt nýjar vörur, sumar verðmerktar og í umbúðum. Hópurinn þurfti ekki að sanna kaup á þessum munum eða leggja fram kvittanir. Enn síður þurftu þeir að sýna fram á að þeir gætu, auk framfærslu sinnar, haft efni á því að kaupa alla hluti sem þeir fullyrtu að þeir hefðu gert. Tveir sakborninganna fóru fram á bætur frá ríkisvaldinu fyrir að vera haldið í gæsluvarðhaldi að ósekju. Annar tapaði málinu en niðurstaða í máli hins aðilans liggur ekki enn fyrir. Við höfum dæmi af öflugum þjófum sem hafa verið rétt nýkomnir til Íslands og strax byrjað brotastarfsemi sína. Þá hefur tilkynningum um erlenda aðila, sem eru að hóta og ógna samlöndum sínum og krefjast verndartolla, fjölgað. Aðilar sem hika ekki við að fara út í alvarlegar líkamsárásir verði ekki gengið að kröfum þeirra.

Það má segja að allt sé reynt til að klekkja á lögreglunni sem og yfirvöldum í skjóli gildandi laga sem eru brotavæn, jafnvel brotahvetjandi. Samkvæmt gildandi reglum er brottvísun að loknum dómi aðeins heimil ef viðkomandi hefur fengið óskilorðsbundinn dóm. Með nýjum sakamálalögum virðist ekki hafa verið vilji til að setja ákvæði í lögin um öfuga sönnunarbyrði, einnig hefur verið þrengt verulega að lögreglunni með gæsluvarðhaldsúrræði. Lög með öfugri sönnunarbyrði hefðu veitt lögreglunni heimild til að haldleggja stolna muni í mun meira mæli en gert er í dag. Þess í stað þurfum við að afhenda sakborningi



# Upplýsingar frá Fangelsismálastofnun um hlutfall innlendra og erlendra fanga á Íslandi

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi fanga sem ljúka afplánun pr. ár | 212 | 187 | 212 | 164 | 196 |
| Þar af erlendir ríkisborgarar | 34 | 28 | 29 | 21 | 52 |
| **Hlutfall erl. ríkisborgara sem ljúka afpl.** | **16,0** | **15,0** | **13,7** | **12,8** | **26,5** |
| Brottvísað | 16 | 14 | 8 | 9 | 21 |
| **Hlutfall brottvísaðra af erlendum ríkisb.** | **47,1** | **50,0** | **27,6** | **42,9** | **40,4** |

| | Fjöldi dómþola 2004 | Fjöldi dómþola 2005 | Fjöldi dómþola 2006 | Fjöldi dómþola 2007 | Fjöldi dómþola 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Óskb.fangelsisrefsing | 361 | 370 | 364 | 402 | 411 |
| þar af erlendir ríkisborgarar | 37 | 43 | 31 | 37 | 75 |
| **Hlutfall erl.ríkisborgara** | **10,2** | **11,6** | **8,5** | **9,2** | **18,2** |
| Skb. refsing | 564 | 257 | 502 | 466 | 588 |
| þar af erlendir ríkisborgarar | 13 | 16 | 29 | 36 | 62 |
| **Hlutfall erl.ríkisborgara** | **2,3** | **6,2** | **5,8** | **7,7** | **10,5** |
| Sekt skv. dómum | 1.028 | 861 | 962 | 1.131 | 1.528 |
| þar af erlendir ríkisborgarar | 29 | 26 | 32 | 93 | 156 |
| **Hlutfall erl.ríkisborgara** | **2,8** | **3,0** | **3,3** | **8,2** | **10,2** |
| Sekt skv. viðurlagaákvörðun | 610 | 459 | 486 | 524 | 637 |
| þar af erlendir ríkisborgarar | 37 | 31 | 36 | 60 | 116 |
| **Hlutfall erl.ríkisborgara** | **6,1** | **6,8** | **7,4** | **11,5** | **18,2** |
| Sekt skv. árituðum sektarboðum | 5.444 | 3.143 | 3.801 | 2.319 | 1.638 |
| þar af erlendir ríkisborgarar | 91 | 61 | 99 | 71 | 70 |
| **Hlutfall erl. ríkisborgara** | **1,7** | **1,9** | **2,6** | **3,1** | **4,3** |

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Móa - The Greenbalm - Face Icelandic
Kóngsbakka 8
MS Ármann Skipamiðlun ehf.
Hafnarhúsinu Box 290
Múlakaffi
Hallarmúli
Múlaradíó
Fellsmúla 28
Múli ehf.
Hagamelur 21
Múli réttingar og sprautun ehf.
Vagnhöfða 5
Myndhönnun ehf
Suðurlandsbraut 6
Nesradíó ehf.
Síðumúla 19
Nexus
Hverfisgötu 103
Neyðarlínan hf.
Skógarhlíð 14
Norfisk ehf.
Álftaland 9
ÓG Bygg ehf.
Fjarðarseli 14
Pacta ehf.
Laugavegi 99
Pegasus hf.
Sóltúni 24
Pétur Stefánsson ehf
Vatnsstígur 15 íb.901
Pipar og salt
Klapparstíg 44
Pípulagnaverktakar ehf.
Langholtsvegi 109
Pjakkus Preladus ehf.
Ármúla 42
Plastco hf.
Skútuvogi 10c
Prikið
Bankastræti 12
Profilstál
Smiðshöfða 15
Raffélagið ehf.
Kambaseli 21
Rafloft ehf
Súðarvogi 20
Rafsvið sf.
Haukshólum 9
Raftækjaþjónustan sf.
Lágmúla 8 - Kjallari
Ragnar og Guðjón ehf.
Espigerði 2
Rannsóknastofa í lyfja-og eiturefnafræði H.Í.
Hofsvallagötu 53
Ráðgjafar ehf.
Garðastræti 36
Réttur - Adalsteinsson & Partners
Klapparstíg 25-27
Ríkislögreglustjórinn
Skúlagötu 21
Ríkissaksóknari
Hverfisgötu 6
Ræstivörur ehf.
Stangarhyl 4
S.Í.B.S.
Síðumúla 6
Samhjálp félagasamtök
Stangarhyl 3a
Samhugur ehf.
Langagerði 116
Samsýn ehf.
Háaleitisbraut 58-60
Saxhóll ehf.
Nóatúni 17
Sendibílar og hraðþjónusta ehf.
Urriðakvísl 3
Sínus ehf.
Grandagarði 1a
Sjálfstæðisflokkurinn
Háaleitisbraut 1
SKALLI
Grjóthálsi 8
Skipasalan ehf.
Malarhöfða 2
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins
Sóleyjarrima 67
Skorri ehf.
Bíldshöfða 12
Skóvinnustofa Halldórs Guðbjörnssonar
Hrísateigi 19
Skrifstofa Fangelsa á höfuðborgarsvæðinu
Hegningarh.V/skólavörðust
Sláttuvélamarkaðurinn
Vagnhöfða 8
Snæland Grímsson ehf.
Hópferðabílar
Langholtsvegi 115
Sprinkler-pípulagnir ehf.
Bíldshöfða 18
Stálbyggingar ehf.
Hvammsgerði 5
Stepp ehf
Ármúla 32
Stjörnuegg hf.
Vallá, Kjalarnesi
Stólpi hf.
Klettagörðum 5
Stórborg - fasteignasala ehf.
Kirkjustétt 4-6 - 2.hæð
Studio 4 - Nasa veitingar v/Austurvöll
Studio Hallgerður
Nóatúni 17
Svarta kaffið - Kaffibaunin ehf.
Laugavegi 54
Sögn ehf.
Skálholtsstíg 7
Söluturninn Texas - Halló ehf.
Veltusundi 3
Talnakönnun
Borgartúni 23
Tandur hf.
Hesthálsi 12
Tankahreinsun Magnúsar
Garðastöðum 14
Tannlæknastofa Friðgerðar Samúelsdóttur
Laugavegi 163
Tannlæknastofa Ingunnar M. Friðleifsdóttur
Síðumúla 28
Tannlæknastofa Jóns Viðars ehf
Skólavörðustíg 14
Tannlæknastofa Ögmundar Mána Ögmundssonar
Þingholtsstræti 11
Tannréttingar sf.
Snorrabraut 29
Tengi ehf.
Síðumúla 13
Thai matstofan ehf.
Krosshamar 10
Tjónamat og skoðun ehf.
Klapparstíg 25-27 5hæð
Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19 box 5029
Trésmiðjan Jari ehf.
Funahöfða 3
Tryggingamiðlun Íslands ehf.
Síðumúla 21
Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
Útlendingastofnun
Skógarhlíð 6
Vaka hf.
Eldshöfða 6
VDO - verkstæði ehf.
Borgartúni 36
Veiðiþjónustan Strengir
Smárarima 30
Veitingahúsið Carúsó
Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Jómfrúin ehf.
Lækjargötu 4
Verkfærasalan ehf.
Síðumúla 11
Vernd - Fangahjálp .
Skúlatúni 6
Verslunin Mótor
Kringlunni 4-12
Verslunin Rangá sf.
Skipasundi 56
Vesturgarður ehf.
Laugavegi 59
Vesturröst ehf.
Laugavegi 178
Vélar og verkfæri ehf.
Skútuvogi 1c
Vélsmiðjan Járnverk hf.
Bíldshöfða 18
Við og Við sf.
Gylfaflöt 3
Vilhjálmsson sf.
Sundaborg 1
Vífilfell hf.
Stuðlahálsi 1
Vínberið
Laugavegi 43
www.emax.is
ármúla 1
www.leit.is
Ármúla 40
Þingvallaleið ehf.
Skógarhlíð 10
Þjóðgarðurinn Þingvöllum
Austurstræti 8-10
Ögurvík hf.
Týsgötu 1

## Seltjarnarnes

Bæjarins bezta ehf.
Bollagörðum 11
Innrömmun Guðmundar
Eiðistorgi 15
Seltjarnarneskaupstaður
Austurströnd 2
Tannlæknastofa Ragnars Ó. Steinarssonar ehf
Eiðistorgi 15

## Kópavogur

Allt-af ehf.
Baugakór 30
ALP/GÁK bílaverkstæðið ehf.
Skemmuvegi 20 blá gata
Arctico - Röramyndun-skolplagnaviðg.
Marbakkabraut 6
Arinsmíði A-Ö - Jón Eldon Logason
Fellasmára 7
Arnarverk ehf
Kórsölum 5
Bifreiðastillingin ehf.
Smiðjuvegi 40d rauð gata
Bifreiðaverkstæði Björns Pálmasonar
Smiðjuvegi 40 rauð gata
Bílalakk ehf.
Skemmuvegi 14,blá gata
Bílar og tjón ehf.
Skemmuvegi 44m bleik gata
Bíljöfur ehf.
Smiðjuvegi 34
Bílstál ehf
Askalind 3
Bílvogur ehf.
Auðbrekku 17
Blikkarinn hf.
Auðbrekku 3-5
Blikkás - Funi ehf.
Smiðjuvegi 74
Blikksmiðjan Vík ehf.
Skemmuvegi 42
Borgarvirki ehf.
Hjallabrekku 22
Bókasafn Kópavogs
Hamraborg 6a
Cafe Adesso
Smáralind
Catalína
Hamraborg 11
DK Hugbúnaður
Hlíðasmára 17
Einar Beinteins ehf. - Dúkalagnir- og Veggfóðrun
Grófarsmára 8
Eyfeld ehf.
Hlíðarsmára 13
Félagsþjónusta Kópavogs
Fannborg 4
Fiskbúðin okkar
Smiðjuvegi 6
FOCAL Software & Consulting
Hlíðasmára 14
Freyðing ehf.
Kórsölum 1
G. Sigurður Jóhannesson ehf.
Skógarhjalli 10
Gólflist ehf
Skálaheiði 1
Gullsmiðja Óla
Smáralind
Gæðabakstur - Ömmubakstur ehf.
Kársnesbraut 96a
Hagblikk ehf.
Smiðjuvegi 4c
Harðbakur ehf
Hlíðasmára 1
Hellur og garðar ehf.
Kjarrhólma 34
Hugbúnaður hf.
Engihjalla 8
Ísfrost ehf
Smiðjuvegi 11 e
Íslandsspil sf.
Smiðjuvegi 11a
Íslenskir undirverktakar ehf
Álfhólsvegi 29
Ísnes ehf
Hamraborg 5
Járnsmiðjan ehf.
Dalvegi 24
Kjöthúsið ehf
Smiðjuvegi 24d Rauð gata
Kópavogsbær
Fannborg 2
Kríunes ehf.
Kríunesi v. Elliðavatn
Kynnisferðir ehf.
Vesturvör 34
Körfuberg ehf.
Kleifakór 1a
Lax-á ehf.
Vatnsendabletti 181
Lyfja hf.
Bæjarlind 2
Læknavaktin
Smáratorgi 1
Maritech ehf
Hlíðasmára 14
Norm-X ehf.
Auðbrekku 6
Players ehf.
Bæjarlind 4
Radio-Raf
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun ehf.
Ögurhvarfi 8
Rafport ehf.
Nýbýlavegi 14
Rafsetning ehf.
Bjørtusölum 13
Raf-Stuð ehf.
Bakkasmára 8
Reynir bakari ehf.
Dalvegi 4
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Dalvegi 16a
Réttir bílar ehf
Vesturvör 24
Ræstingaþjónustan sf.
Smiðjuvegi 62
Sérverk ehf.
Askalind 5
SL Rekstrarfélag ehf.
Hagasmára 1
Smári söluturn
Dalvegi 16c
Stjörnublikk hf.
Smiðjuvegi 2
Suðurverk hf.
Hlíðarsmára 11
Tölvuvirkni ehf.
Hlíðasmára 13




stolna muni ef okkur tekst ekki að sýna hvaðan þeim var stolið.

Ekki er hægt að segja að Ísland sé land refsinganna, heldur land umburðarlyndis og þæginda þegar kemur að afbrotum. Erlendir brotamenn hafa sagt okkur að refsingar og úrræðaleysi íslensku lögreglunnar sé með ólíkindum. Fram kemur að þeir undrast að dagpeningagreiðslur í fangelsi á Íslandi séu hærri en laun þeirra sem vinna fulla atvinnu í þeirra heimalandi.

Í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 1. mars sl. kom fram að 27 skotárásir hafa verið gerðar í Kaupmannahöfn og nágrenni frá ágúst til 1. mars sl. Árásir sem tengjast erlendum glæpaklíkum. Vonandi náum við að halda slíkum brotamönnum frá landinu. Núgildandi lög auðvelda okkur ekki baráttuna. Það er því ekki að ástæðulausu sem Danir hafa þurft að laga sína löggjöf til að stemma stigu við skipulögðum glæpum. Þó að hópurinn sé kannski ekki stór er afkastagetan mikil. Eftir því sem hópurinn verður stærri verður harkan og ofbeldið meira. Þessu til stuðnings og áréttingar vil ég koma að grein af mbl.is frá 6. mars sl. með beina tilvitnun og heiti greinar.

### *Hóta að skjóta á danska lögreglumenn*

*Fréttir um að glæpahópar í Kaupmannahöfn hafi hótað að skjóta á lögreglumenn borgarinnar hafa vakið mikinn óhug meðal lögreglumannanna, að sögn fréttavefjar danska ríkisútvarpsins. „Auðvitað hefur þetta áhrif á okkur. Og það versta er að þetta hefur enn meiri áhrif á fjölskyldur okkar," hefur fréttavefurinn eftir trúnaðarmanni og öryggisfulltrúa í viðbúnaðardeild lögreglunnar í Kaupmannahöfn. Danska dagblaðið Ekstra bladet hefur birt viðtöl við hópa glæpamanna úr röðum innflytjenda þar sem þeir segja að lögreglumenn verði brátt skotmörk þeirra. Formaður félags lögreglumanna í Kaupmannahöfn, Claus Oxfeldt, segir að full ástæða sé til að taka þessar hótanir alvarlega. Lögreglan hafi fengið upplýsingar um að hætta sé á slíkum árásum.*

Hér er verið að fjalla um hópa annarrar kynslóðar erlendra innflytjenda, sem berjast á markaði glæpamanna og við ný erlend glæpasamtök um yfirráð á fíkniefnimarkaði, auðgunarbrotum, mansali og vændi. Ef menn halda að þessi heimur sé fjarri okkar fagra Íslandi þá lifa þeir sömu ekki á sama landi og ég. Andvaraleysi og góður svefn í málefnum þessum á eftir að sækja alvarlega að okkur á næstu árum. Ég vona að sú þekking og reynsla sem er til staðar hjá nágrönnum okkar Dönum verði nýtt af sérfræðingum dómsmálaráðuneytisins.

Það er staðreynd að við höfum fengið stóran pakka erlendra brotamanna til landsins. Það verður að auka valdbeitingarheimildir til lögreglu og dómskerfis svo flæði erlendra brotamanna til landsins verði í lágmarki og að strax verið gerðar ráðstafanir til að koma brotaaðilum úr landi, jafnvel við fyrsta brot. Það er óskiljanlegt að þær reglur sem hægt er að beita erlenda brotamenn, fái þeir fangelsisdóm, séu ekki nýttar að fullu og brotaaðilum vísað frá landinu.

Ísland á að vera vinveitt fólki sem býr hér og lögin eiga að vernda þegna landsins. Vonandi fer ljósið að skína á hinu nýja Íslandi og ráðamenn þjóðarinnar taki við sér og samþykki breytingar á lögum er taka á þessum málefnum.

***Aðalsteinn Örn Aðalsteinsson***

*Það er staðreynd að við höfum fengið stóran pakka erlendra brotamanna til landsins. Það verður að auka valdbeitingarheimildir til lögreglu og dómskerfis svo flæði erlendra brotamanna til landsins verði í lágmarki og að strax verið gerðar ráðstafanir til að koma brotaaðilum úr landi, jafnvel við fyrsta brot.*



# Nýr mælikvarði á störf lögreglunnar



*Pétur Berg Matthíasson stjórnmála- og stjórnsýslufræðingur, starfar á stjórnsýslusviði ríkislögreglustjóra.*

**Mat á verkefnum lögreglunnar og afbrotatíðni síðustu áratugi hefur einskorðast við upplýsingar skráðar í dagbók annars vegar og í málaskrá hins vegar. Dagbókarfærslur eru verkefni sem gefa til kynna hvað lögreglan í umdæminu er alla jafnan að gera, eins og t.a.m. umferðareftirlit, tilkynningar, boðun, aðstoð vegna lausagöngu búfjár, umhirða og viðhald lögreglubifreiða, skýrslugerð, aðstoð við borgara, aðstoð vegna umferðaróhapps, lögreglufylgd, leit o.s.frv.**

Skráð afbrot í málaskrá lögreglunnar (LÖKE) gefa hins vegar til kynna fjölda brota hverju sinni sem ýmist hafa verið tilkynnt lögreglu, eða að lögreglan hefur ákveðið að kæra einhvern fyrir brot á lögum. Þessir tveir mælikvarðar, dagbók og skráð brot, gefa því tvær myndir af umfangi starfsemi lögreglunnar. Á bak við skráð brot eru jafnan rannsóknir, en sá tími og kostnaður sem fer í það að rannsaka mál er stór þáttur í starfseminni. Þær upplýsingar sem ríkissaksóknari birtir árlega um stöðu mála sem fara í ákærumeðferð gefa eina mynd af rannsóknarvinnu lögreglunnar, en fleiri þætti þarf að skoða eins og málsmeðferðartíma og hlutfall leystra mála.

Svo að hægt sé að gera sér betur grein fyrir umfangi, tíma og kostnaði við rannsókn máls er unnið að því hjá ríkislögreglustjóra að samþætta málaskrá lögreglunnar við Oracle-bókhaldskerfi ríkisins til þess að tengja saman lögreglumál við þann kostnað sem fellur til við vinnslu mála eða svokallað verkbókhald, þar sem því verður við komið. Þessi vinna stendur yfir og þegar henni lýkur verður kominn vettvangur til að meta kostnað og tíma við rannsókn mála.

Af hálfu margra Íslendinga er fjöldi brota í málaskrá lögreglunnar dæmi um hvort lögreglan skili árangri. Fer brotum fjölgandi í tilteknu umdæmi eða fækkar þeim milli mánuða eða ára? Fjöldi mála í málaskrá er hins vegar ekki það sama og fjöldi brota. Eitt mál kann að fela í sér fleiri en eitt brot og jafnvel fleiri en einn brotamann eins og alkunna er. Fjöldi mála getur því gefið villandi mynd af afbrotatíðni í umdæmi.

### *Stafrænar hraðamyndavélar – nýtt form löggæslu*

Í tengslum við þá vinnu sem fólst í undirbúningi við gerð árangursstjórnunarsamninga og þróun mælikvarða var skoðað sérstaklega við hvaða brotaflokka ætti að miða. Þegar helstu brotaflokkarnir eru skoðaðir fyrir árið 2007 kemur í ljós að sá stærsti er hraðakstursbrot, en hann byggir að miklu leyti á frumkvæðisvinnu lögreglunnar og getur því tekið miklum breytingum á milli ára. Með tilkomu stafrænna hraðamyndavéla hefur hraðakstursbrotum fjölgað gríðarlega. Aukning varð á skráðum hraðakstursbrotum árið 2007 með tilkomu tveggja véla í Hvalfjarðarsveit. Þessar tvær vélar skráðu um 6.900 hraðakstursbrot eða um 18% af öllum skráðum hraðakstursbrotum á Íslandi árið 2007. Nú er búið að fjölga þessum vélum í níu og áætlað er að þær verði orðnar 16 á næstu árum. Skoða þarf sérstaklega hvaða áhrif svona breytingar geta haft í för með sér. Lögreglan getur t.a.m. dregið úr umferðareftirliti á stöðum þar sem vélarnar hafa verið settar upp á sama tíma og skráðum brotum fjölgar svo dæmi sé tekið.

Fíkniefnabrot voru fjórði stærsti brotaflokkurinn árið 2007 en fjöldi þeirra ræðst að miklu leyti af

frumkvæðisvinnu lögreglunnar. Önnur brot eins og auðgunarbrot og eignaspjöll eru einnig mjög mörg en fjöldi þeirra fer ekki eftir frumkvæði lögreglunnar með sama hætti og umferðarlagabrotin og fíkniefnabrotin gera. Í kjölfar skoðunar stjórnsýslusviðs ríkislögreglustjóra á brotaflokkum árið 2007 var ákveðið að taka ekki sérstaklega mið af fjölda fíkniefnabrota og umferðarlagabrota við gerð árangursstjórnunarsamninga, heldur einblína á hegningarlagabrot, s.s. auðgunarbrot og líkamsmeiðingar, þar sem áhrifa lögreglunnar gætir síður. Þetta fyrirkomulag á að vera í stöðugri endurskoðun og það getur verið að horfa ætti meira á rannsókn mála sem mælikvarða en gert hefur verið.



### *Notkun þolendakannana*

Hér að framan hef ég stuttlega farið yfir ýmsa mælikvarða og reynt að útskýra þá þætti sem lögreglan er almennt að skoða við mat á starfsemi og árangri hennar. Flestir lögreglumenn kannast án efa við mælingar sem Gallup hefur gert frá því í byrjun tíunda áratugarins á trausti almennings á stofnunum, þ. á m. lögreglunni, Alþingi og Háskóla Íslands. Það hefur hins vegar minna verið fjallað um þolendakannanir og tilgang þeirra, en í Bretlandi hafa þær verið gerðar af hálfu hins opinbera frá því 1981. Í Englandi og Wales eru afbrot mæld út frá annars vegar niðurstöðum þolendakannana sem framkvæmdar eru á tveggja ára fresti og hins vegar upplýsingum í málaskrá lögreglunnar. Við mat á ákveðnum brotaflokkum í Bretlandi, eins og t.d. minni háttar ofbeldisbrotum, eru þolendakannanir taldar áreiðanlegri og gefa betri mynd en upplýsingar í málaskrá.

Árið 2004 var í fyrsta sinn gerð alþjóðleg þolendakönnun á Íslandi sem Háskólaútgáfan og ríkislögreglustjóri gáfu út. Með þolendakönnunum eru þátttakendur m.a. spurðir um reynslu sína af afbrotum og þjónustu lögreglunnar. Vorið 2007 stóð lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fyrir sambærilegri könnun og gerð var árið 2004. Í löggæsluáætlun 2007 – 2011 er kveðið á um að lögreglan meti störf sín og árangur í ljósi kannana á öryggistilfinningu borgaranna og trausti þeirra á störfum hennar. Hingað til hefur lögreglan einblínt á afbrotatíðni en með tilkomu löggæsluáætlunar verða mælikvarðar eins og traust, öryggistilfinning, viðhorf og mat á þjónustuþáttum metnir kerfisbundið og niðurstöður notaðar við stefnumótun og markmiðasetningu til framtíðar.

Á síðasta ári var í fyrsta sinn gerð þolendakönnun samkvæmt löggæsluáætluninni sem náði yfir allt landið. Stjórnsýslusvið ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stóðu sameiginlega að þessari könnun, bæði hvað varðar þróun og kostnað og kom skýrsla með niðurstöðum út í október 2008. Fyrirhugað er að framkvæma slíkar kannanir árlega og munu lögreglustjórar í kjölfarið geta tekið mið af niðurstöðum við gerð ársáætlana. Kostnaður við hverja þolendakönnun er mikill og því er vandséð að slík könnun verði gerð fyrir hvert lögregluembætti fyrir sig. Það fyrirkomulag sem notast er við býður hins vegar upp á þann möguleika að flokka embætti saman eftir landsvæðum og fá þar með áreiðanlegar upplýsingar um tiltekin svæði í staðin fyrir einungis eina heildartölu fyrir allt landið. Í skýrslunni **Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglunnar**, sem finna má á lögregluvefnum, er hægt að sjá niðurstöður fyrir tiltekin landsvæði; höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Suðurland, Austurland, Norðurland og Vesturland/Vestfirði.

Helstu niðurstöður voru að um 88% svarenda telja að lögreglan sé að vinna nokkuð eða mjög gott starf. Um 74% svarenda sem tilkynnt höfðu afbrot voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu lögreglunnar. Um 32% svarenda sáu lögreglumann eða lögreglubíl í sínu byggðarlagi oft eða nær daglega. Það voru um 32% sem töldu sig örugg í miðborg Reykjavíkur að næturlagi um helgar árið 2007 og er það rúmum 4% færri en árið 2004.

Þessum rannsóknum verður fram haldið og vonandi verður hægt í framtíðinni að skoða hvert og eitt embætti nánar. Sjá má þegar í ársáætlunum lögreglustjóranna fyrir árið 2009 að aukin áhersla hefur verið lögð á að tryggja betri þjónustu, auka sýnileika og fækka brotum í samræmi við markmið löggæsluáætlunar.

***Pétur Berg Matthíasson***

*Þegar helstu brotaflokkarnir eru skoðaðir fyrir árið 2007 kemur í ljós að sá stærsti er hraðakstursbrot, en hann byggir að miklu leyti á frumkvæðisvinnu lögreglunnar og getur því tekið miklum breytingum á milli ára. Með tilkomu stafrænna hraðamyndavéla hefur hraðakstursbrotum fjölgað gríðarlega.*

NORÐURÁL
Century

KAUPÞING

Bakarameistarinn

PRENTSMIÐJAN
stapaprent
Grófin 13c • 230 Reykjanesbær
Sími 421 4388 • stapaprent@simnet.is

# Skýrslutaka *hjá lögreglu*

*-með hliðsjón af nýjum sakamálalögum nr. 88/2008*





***Birkir M. Magnússon***
***löglærður fulltrúi***
***Sýslumaðurinn á***
***Sauðárkróki***

**Þann 1. janúar 2009 tóku gildi** *lög um meðferð sakamála* **(hér eftir skammstöfuð SML), en þau leystu af hólmi lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hin nýju lög eru afrakstur heildarendurskoðunar á lögum nr. 19/1991, en þeim lögum hafði verið breytt alls 18 sinnum.**

Skýrslur lögreglu af sakborningi og vitnum, sem teknar eru á rannsóknarstigi, eiga stóran þátt í því að upplýsa mál og leggja þar með grunn að ákvörðun um saksókn. Skýrslutaka lögreglu er hins vegar vandasöm ef hún á að ná tilgangi sínum án þess að hallað sé um of á sakborning. Lög nr. 19/1991 höfðu að geyma fremur fá og dreifð ákvæði um það hvernig henni bæri að haga, en nánari reglur lögunum til fyllingar var þó að finna í reglugerð nr. 395/2007 um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrslur hjá lögreglu. Í VIII. kafla hinna nýju sakamálalaga er kveðið á um skýrslutöku af sakborningi og vitnum við rannsókn máls á heildstæðan hátt. Þar á meðal eru ýmis nýmæli frá eldri lögum, t.d. um óformlega skýrslutöku lögreglu af sjónarvottum og öðrum vitnum, sbr. 60. gr. SML. Hér á eftir verður leitast við að skýra út í stórum dráttum gildandi rétt um skýrslutöku hjá lögreglu af sakborningi og vitnum með hliðsjón af hinum nýju sakamálalögum. Þeir dómar Hæstaréttar sem vísað er til hér á eftir halda gildi sínu þótt þeir hafi verið kveðnir upp í tíð eldri laga nr. 19/1991, þar sem samsvarandi ákvæði er að finna í hinum nýju lögum. Enn fremur verður fjallað um afleiðingar þess að ekki er staðið réttilega að skýrslutöku hjá lögreglu, með hliðsjón af sjónarmiðum um sönnunargildi lögregluskýrslna fyrir dómi.

### *A. Hugtakið „skýrslutaka“*

„Í sakamálum er skorið úr um hvort menn hafi gerst sekir um refsiverða háttsemi sem þeim er gefin að sök, og að auki er þeim, sem sekir eru taldir, ákvörðuð viðeigandi viðurlög.“ Þær aðferðir sem lögreglan beitir við rannsókn mála eru margs konar. Fyrir utan gagnaöflun og aðra upplýsingaöflun, er skýrslutaka af sakborningi og vitnum einn meginþáttur lögreglurannsóknar. Skýrslutaka er rannsóknaraðgerð, sem miðar að því að fá fram atriði sem máli skipta um atvik máls, orsakir og afleiðingar ætlaðrar refsiverðrar háttsemi, og varpað geta ljósi á sekt eða sakleysi sakbornings.

Í 1. mgr. 58. gr. SML er mælt fyrir um þá meginreglu að lögregla taki skýrslu af sakborningi og vitnum meðan mál er til rannsóknar eftir því sem nánar er mælt fyrir um í VIII. kafla laganna. Skýrslutaka getur verið allt frá stystu orðaskiptum þar sem skýrslugjafi svarar nokkrum hnitmiðuðum spurningum, allt til langra og ítarlegra viðtala þar sem mál eru brotin til mergjar. Skýrslutaka af sakborningi eða vitnum kann að hafa margvíslega þýðingu við rannsókn máls. Hún getur til að mynda haft upplýsingagildi fyrir lögreglu og lagt grunninn að frekari rannsóknaraðgerðum. Slík skýrslutaka kann jafnframt að vera mikilvæg fyrir ákæranda við ákvörðun þess hvort höfða beri mál eða ekki. Enn fremur kann framburður hjá lögreglu að hafa áhrif á sönnunarmat dómara ef hann stangast á við framburð viðkomandi fyrir dómi. Skýrslutöku hjá lögreglu má greina annars vegar í formlega skýrslutöku og hins vegar óformlega skýrslutöku.

Helstu ákvæði í lögum um meðferð sakamála, sem varða skýrslutöku hjá lögreglu, er að finna í VIII. kafla þeirra. Í 3. mgr. 111. gr. SML er kveðið á um sönnunargildi vitnaskýrslna sem gefnar eru hjá lögreglu. Í 117. – 119. gr. er svo að finna reglur sem undanþiggja eða banna mönnum undir vissum kringumstæðum að bera vitni fyrir dómi, en þær eiga, eftir því sem við



*Hér á eftir verður leitast við að skýra út í stórum dráttum gildandi rétt um skýrslutöku hjá lögreglu af sakborningi og vitnum með hliðsjón af hinum nýju sakamálalögum. Þeir dómar Hæstaréttar sem vísað er til hér á eftir halda gildi sínu þótt þeir hafi verið kveðnir upp í tíð eldri laga nr. 19/1991, þar sem samsvarandi ákvæði er að finna í hinum nýju lögum. Enn fremur verður fjallað um afleiðingar þess að ekki er staðið réttilega að skýrslutöku hjá lögreglu, með hliðsjón af sjónarmiðum um sönnunargildi lögregluskýrslna fyrir dómi.*

getur átt, einnig við um skýrslutöku hjá lögreglu.

### B. *Mismunandi form skýrslutöku*

*1. Formleg skýrslutaka*

Ákvæði VIII. kafla sakamálalaga, *um skýrslutöku við rannsókn*, eiga að meginstefnu við um formlega skýrslutöku hjá lögreglu, að 59. gr. og 60. gr. undanskildum. Um leið og ljóst er orðið að einstaklingur er spurður sem sakborningur, eða kvaddur til skýrslutöku sem vitni, ber að jafnaði að fylgja þeim reglum sem gilda um formlega skýrslutöku.

Sú spurning kann að vakna við rannsókn máls, hversu ítarleg skýrslutaka af sakborningi skuli vera. Sé skýrslutaka ófullnægjandi, eða ekki gætt réttra aðferða við framkvæmd hennar, yrði í mörgum tilvikum unnt að bæta úr slíkum annmörkum við yfirheyrslu sakbornings fyrir dómi. Ef ekki verður hins vegar ráðin bót á slíkum annmörkum fyrir dómi er líklegra að afleiðingarnar verði þær að sekt sakbornings teljist ekki sönnuð, með vísan til 108. gr. SML, fremur en að málinu verði vísað frá dómi á þeim grundvelli að það teljist ekki fullrannsakað sbr. **Hrd. 1996:2433.** Af dómi þessum verður enn fremur dregin sú ályktun að formleg skýrslutaka af sakborningi sé ekki skilyrði þess að ákæra verði gefin út, enda er heldur ekki kveðið á um þá skyldu í sakamálalögunum frekar en í lögum nr. 19/1991. Sú niðurstaða er í eðlilegu samræmi við meginregluna um milliliðalausa sönnunarfærslu, sem birtist nú í 1. mgr. 111. gr. SML, en af henni leiðir að það er fyrst og fremst framburður ákærða fyrir dómi sem hefur sönnunargildi í sakamáli, en ekki framburður hans hjá lögreglu. Þrátt fyrir þetta á sakborningur rétt á að skýra mál sitt í skýrslutöku hjá lögreglu, fari hann fram á það, sbr. Hrd. 2000:1942.

Þótt ekki sé það fortakslaus skylda, er það viðtekin venja að taka formlega skýrslu af sakborningi áður en ákæra er gefin út, að minnsta kosti í stærri málum.

Af dómi Hæstaréttar frá **2. sept. 2002 í máli nr. 300/2002,** verður ráðið, að það telst ekki skilyrði þess að vitni verði leitt fyrir dóm í sakamáli, að það

BÓNUS
Góa-Linda
TRADE EGILS MARK
Landsbankinn

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Verkfræðistofa Erlends Birgissonar
Bæjarlind 4
Verkstólpi hf.
Hafnarbraut 2
Vilji ehf.
Björtusölum 15
VS Verk - byggingafélag ehf.
Auðbrekka 6 - Box 88
Þvegillinn
Fífuhjalla 3
Ökukennsla Sigurðar Þorsteinssonar
Bollasmára 8

## Garðabær

A.Þ. Þrif ehf.
Skeiðarási 12
Ásgarður - Íþróttamiðstöðvarnar Garðabæ
Ásgarði
B.B. skilti ehf.
Miðhrauni 22b
Bókasafn Garðabæjar
Garðatorgi 7
Dráttarbílar ehf.
Skeiðarási 4
Elektra ehf.
Lyngási 11
Garðabær
Garðatorgi 7
Hafnasandur hf.
Birkiás 36
Hannes Arnórsson ehf.
Móaflöt 41
Hársnyrtistofa Þórunnar Ingólfsdóttur - S: 56-8445
Kirkjulundi 19
Hurðaborg - Crawford hurðir
Sunnuflöt 45
Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Suðurhrauni 1
Járnsmiðja Árna H. Jónssonar ehf
Bjarkarási 16
Krókur bílastöð ehf
Suðurhrauni 3
Latibær ehf.
Miðhrauni 4
Læknatorg sf
Garðatorgi 7
N3 flutningar ehf.
Hrísmóum 3
Rafboði ehf
Skeiðarási 3
Raftækniþjónusta Trausta ehf.
Lyngási 14
Samhentir-Kassagerð ehf.
Suðurhraun 4
Tannlæknastofa Engilberts Snorrasonar
Garðatorgi 3
TM Mosfell ehf
Holtsbúð 93
Würth á Íslandi ehf.
Vesturhrauni 5
Öryggisgirðingar ehf.
Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf.
Hjallahrauni 4
Barkasuða Guðmundar ehf.
Hvaleyrarbraut 27
Batteríið ehf.
Trönuhrauni 1
Bæjarbakarí ehf.
Bæjarhrauni 2
Dalakofinn sf. - Firði
Fjarðargötu 13-15
DS lausnir ehf
Rauðhellu 5
Englasteinar ehf.
Selhellu 3
Feðgar ehf. - Byggingaverktakar
Brekkutröð 1
Ferskvinnslan ehf.
Grandatröð 4
Fínpússning ehf.
Rauðhellu 13
Fjarðarbakarí ehf.
Dalshrauni 13
Fjarðarkaup ehf.
Hólshrauni 1
G. Ingason hf.
Hvaleyrarbraut 3
H.B. Búðin
Hafnarbræður hf.
Strandgötu 26-28
Hafdal hf.
Hvaleyrarbraut 2
Hagtak hf.
Fjarðargötu 13-15
Halldór Gíslason verktaki
Hvassabergi 14
Heildverslunin Donna ehf.
Háahvammi 16
Héðinn hf.
Gjáhellu 4
Hlaðbær Colas hf.
Gullhellu 1
Íshestar - Íslenskar hestaferðir hf.
Bæjarhrauni 2
Japanskar-vélar ehf.
Dalshrauni 26
K. Unnur ehf
Vesturgötu 4 p.Box 45
Kjarnagluggar sf.
Selhellu 13
Klettur, verktakar
Fornubúðir 5
Lerkiverktakar ehf
Skúlaskeið 26
Lipurð ehf.
v/Helluhraun
Merkjalist
Steinhellu 3
Rafgeymasalan ehf.
Dalshrauni 17
Rafgjafinn ehf.
Selhellu 13
Rafhitun ehf.
Kaplahrauni 7a
Rakarastofa Halla
Strandgötu 32
S.J. Trésmiðja ehf
Melabraut 20
Skerpa - renniverkstæði
Skútahrauni 9
Spissar ehf.
Hvammabraut 12
Sportarinn
Flatahrauni 5a
Stjörnusól - S: 555-7272
Fjarðargötu 17d
Sæsteinn ehf. - fiskvinnsla
Pósthólf 90
Tor hf.
Eyrartröð 13
Tveir bræður ehf
Blómvang 18
Útgerðarfélagið Frigg ehf
Fornubúðum 12
Úthafsskip ehf
Fjarðargötu 13-15
Verkþjónusta Kristjáns ehf.
Pósthólf 172
Vélboði hf.
Stapahrauni 7
Vélrás ehf.
Rauðhellu 16
Viking björgunarbúnaður
Hvaleyrarbraut 27
Virðir
Bæjarhrauni 8

## Álftanes

Dermis ehf.
Miðskógum 1
Jeppar og járn ehf
Asparholti 4
Kranamenn ehf
Asparholti 1
Sveitarfélagið Álftanes
Bjarnastöðum

## Keflavík

A. Óskarsson ehf.
Heiðargarði 8
Blaðheimar ehf
Víkurbraut 13
Blikksmiðja Ágústs Guðjónssonar hf.
Vesturbraut 14
Bókasafn Reykjanesbæjar
Hafnargötu 57
Brunavarnir Suðurnesja
Hringbraut 125
Fjóla Gullsmiður ehf.
Hafnargötu 21
Grímsnes ehf.
Pósthólf 380
Húsagerðin ehf.
Hólmgarði 2c
Ice Bike
Iðavöllum 10
Íslenska félagið ehf. / Ice group. ltd.
Iðavöllum 7a
Langbest ehf.
Keilisbr.-Bygging 771
Málverk sf.
Skólavegi 36
Nesbyggð ehf
Stapabraut 5
Nesprýði ehf
Vesturbraut 10-12
Pylsuvagninn Tjarnargötu
Norðurvöllum 32
Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
RKÍ Suðurnesjadeild
Smiðjuvöllum 8
Rörvirki sf.
Óðinsvöllum 11
Smurstöð og hjólbarðaþjónusta Björns og Þórðar
Vatnsnesvegi 16
Starfsmannafélag Suðurnesja
Hafnargötu 15
Tannlæknastofa Einars Magnússonar ehf
Skólavegi 10
Varmamót ehf.
Framnesvegi 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja
Vatnsnesvegi 14

## Keflavíkurflugvöllur

Miðnesheiði ehf.
Flugstöð Leifs Eiríks
Suðurflug ehf. Bygging 9
Kefl.flugv/Bygging 787

## Grindavík

Einhamar seafood ehf.
Verbraut 3a
Eldhamar ehf.
Suðurhópi 10
Grindin ehf.
Hafnargötu 9a
Gunnar E. Vilbergsson
Heiðarhrauni 10
Haustak ehf
Hafnargötu 12
Martak ehf.
Hafnargötu 21
Söluturninn
Víkurbraut 62
TG raf ehf
Staðarsundi 7

## Sandgerði

Leifur Ölver Guðjónsson
Glaumbær

## Garður

Fiskverkunin Háteigur
Valbraut 15

## Njarðvík

Fitjavík ehf
Fitjum
Húsabygging ehf.
Kjarrmóum 10
Nýsprautun ehf
Njarðarbraut 15
Plexigler ehf
Bakkastíg 20
R.H. innréttingar ehf.
Stapabraut 1
Radióvík ehf.
Brekkustíg 14
Slakki ehf
Stekkjargötu 51
Trausti Már Traustason, múrarameistari
Steinási 31

## Mosfellsbær

Afltak ehf
Völuteigi 1
Dalsbú hf.
Helgadal
Ferðaleiðir ehf. - Hópferðir
Reykjavegi 60
Garðplöntustöðin Gróandi
Grásteinum
Gylfi Guðjónsson, ökukennari
Tröllateigi 20
Hákon og Pétur - Verktakar
Brávöllum
Hótel Laxnes - Áslákur
Ási, Brúarholti
Matfugl ehf.
Völuteigi 2
Mosfellsbær
Þverholti 2
Mosi Verktakar
Réttarhvoli 11
Rétt - Afl ehf.
Flugumýri 16b
SM Kvótaþing ehf.
Þverholti 2
Smíðastofa Sigurðar R. Ólafssonar ehf.
Völuteig 5

## Akranes

B.Ó.B. sf,vinnuvélar
Kalmannsvöllum 3
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. ehf.
Dalbraut 6
Eyþór Arnórsson
Hlíðarbæ 14, Hvalfirði
Grastec ehf.
Einigrund 9
GT tækni ehf
Grundartanga
Jón Þorsteinsson ehf.
Kalmannsvöllum 6
Jósi ehf
Garðabraut 29
Mozart Hársnyrtistofa
Skagabraut 31
P.K. lagnir ehf.
Skarðsbraut 2
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Álmskógum 1
Skagaverk ehf.
Skarðsbraut 11
Skaginn hf.
Bakkatúni 26
Smurstöðin Akranesi sf.
Smiðjuvöllum 2
Straumnes ehf., rafverktakar
Krókatúni 22-24
Sýslumaðurinn á Akranesi
Stillholti 16-18
T.S.V. sf
Beikisstöðum
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf.
Smiðjuvöllum 10

hafi áður gefið skýrslu hjá lögreglu. Á hinn bóginn stendur þó venja til þess að gera það eftir því sem efni standa til.

## *2. Óformleg skýrslutaka*

Í 60. gr. SML er að finna nýmæli frá eldri lögum. Í 1. mgr. 60. gr. segir, að komi lögregla á vettvang brots og ræði þar við sjónarvotta eða önnur vitni, geti hún skráð skýrslu um frásögn þeirra án þess að þau staðfesti hana sérstaklega. Í 2. mgr. 60. gr. segir, að á öðrum stigum rannsóknar geti lögregla með samtali við vitni aflað frásagnar þess um atriði sem tengjast ætluðu broti og gert skýrslu um efni hennar á sama hátt og skv. 1. mgr.

Það hefur lengi tíðkast að lögregla spyrji sjónarvotta og aðra þá sem hún telur að geti gefið upplýsingar um brot og atriði sem þeim tengjast og skrái svör þeirra niður. Í sumum tilvikum hafa þeir verið kvaddir síðar til formlegrar skýrslutöku hjá lögreglu, sem sakborningar eða vitni. Í 1. og 2. mgr. 60. gr. SML er þessi óformlegi háttur á skýrslutöku af hálfu lögreglu lögfestur. Með því er meðal annars stefnt að því að lögregla láti slíka óformlega skýrslutöku nægja, þannig að hún komi í fleiri tilvikum í stað formlegrar skýrslutöku en reyndin hefur verið. Oft og tíðum hefur óþarflega rík áhersla verið lögð á það að vitni mæti til slíkrar skýrslutöku þrátt fyrir mikla fyrirhöfn og hættu á að rannsókn dragist á langinn af þeim sökum. Ekki var síst talin ástæða til að endurskoða þessa framkvæmd vegna þess að skýrslur vitna hjá lögreglu hafa í fæstum tilvikum sönnunargildi við meðferð máls fyrir dómi, sbr. 111. gr. SML. Til þess að gera óformlega skýrslu, skv. 1. eða 2. mgr. jafngilda formlegri skýrslu að þessu leyti, er skv. 3. mgr. 122. gr. gert ráð fyrir að kynna megi slíka skýrslu fyrir vitni ef þess þykir þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess fyrir dómi.

Í 3. mgr. 60. gr. SML segir að ákvæði 63. – 65. gr. laganna, um réttarstöðu skýrslugjafa við yfirheyrslu, gildi um slíka óformlega skýrslutöku eftir því sem við á, svo sem að spurningar lögreglu eigi að vera skýrar og ótvíræðar o.s.frv. Af þessu leiðir, að oft yrði helsti munurinn á formlegri og óformlegri skýrslutöku sá að óformleg skýrslutaka felur ekki í sér að skýrslugjafi staðfesti framburð sinn með undirritun. Vera kann að vitni beri á annan veg fyrir dómi heldur en það gerði við skýrslutöku hjá lögreglu. Stangist framburður vitnis fyrir dómi á við framburð þess í óformlegri, „*óundirritaðri*“ lögregluskýrslu, verður að telja að algerlega yrði litið fram hjá framburði þess í lögregluskýrslunni ef vitnið fullyrðir að rangt hafi verið haft eftir því í skýrslunni.

Stangist framburður vitnis fyrir dómi hins vegar á við *undirritaðan* framburð þess í formlegri lögregluskýrslu, kann á hinn bóginn að vera komin upp sú staða að misræmi þess í framburði hjá lögreglu og fyrir dómi hafi áhrif á trúverðugleika vitnisins, og þar með á heildarsönnunarmat dómara, sem aftur getur haft áhrif á niðurstöðu málsins. Þetta leiðir af þeirri staðreynd, að það er augljóslega erfiðara fyrir vitnið að halda því fram að lögregla hafi fært framburð þess ranglega til bókar – hafi vitnið undirritað skýrsluna af fúsum og frjálsum vilja.




Þrátt fyrir umrædda heimild til þess að láta óformlega skýrslutöku af vitnum koma í stað formlegrar skýrslutöku í sumum tilvikum, verður þó að ætla að eftir sem áður yrðu brotaþolar og önnur lykilvitni í máli yfirheyrð hjá lögreglu með formlegum hætti.

Þótt gengið sé út frá því að formleg skýrsla sé að jafnaði tekin af *sakborningi* getur komið til þess að hann sé spurður óformlega, t.d. á vettvangi brots, ef ekki þykir næg ástæða til að handtaka hann, enda þótt hann verði síðar kvaddur til formlegrar skýrslutöku. Í því tilviki þarf lögregla að gæta ákvæða 1. og 2. mgr. 64. gr. SML.

Í 2. mgr. 58. gr. er að finna nýmæli þar sem segir að hverjum þeim sem spurður er, sé að kröfu lögreglu, skylt að skýra frá nafni sínu, kennitölu og heimili. Nauðsynlegt er að lögregla fái að vita deili á þeim sem gefur skýrslu eða kynni að geta borið um málsatvik, svo að unnt sé að hafa uppi á viðkomandi síðar til þess að bera vitni í málinu. Neiti maður að segja til nafns eða deili á sér að öðru leyti, er lögreglu heimilt að handtaka hann í þágu rannsóknar, sbr. a-lið 3. mgr. 90. gr. SML.

HB GRANDI
ÍSTAK
HS ORKA HF
Orkuveita Reykjavíkur



### C. *Hvar fer skýrslutaka fram?*

Lög um meðferð opinberra mála 19/1991 voru fáorð um hvar skýrslutaka lögreglu skyldi fara fram. Einu ákvæðin þar að lútandi var að finna í 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 395/1997, á þann veg, að kveðja skyldi vitni til að gefa skýrslu á starfsstöð lögreglu eða heimsækja það til skýrslutöku, og hins vegar í 3. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar, á þann veg, að vitni yngra en 18 ára skyldi yfirheyrt á heimavelli þess, ef kostur væri.

Í 62. gr. SML segir hins vegar að skýrslutaka af sakborningi og vitnum fari fram *fyrir luktum dyrum*. Sé þess kostur, skuli hún fara fram á lögreglustöð eða í öðru sérútbúnu húsnæði.

Eðli málsins samkvæmt fara viðameiri skýrslutökur langoftast fram á starfsstöð lögreglu. Slíkt er jafnframt sjálfgefið ef skýrsla er tekin af handteknum manni sem þangað er færður. Ekkert er því hins vegar til fyrirstöðu að skýrslutaka af sakborningi eða vitnum fari fram utan starfsstöðvar lögreglu, svo sem á sjúkrahúsi eða fangelsi, svo framarlega sem réttra formreglna er gætt. Í því sambandi má jafnframt hafa til hliðsjónar ákvæði 9. gr. SML, þar sem heimilað er að heyja dómþing á öðrum stöðum en reglulegum þingstöðum, ef þörf er á, svo sem í fangahúsi þar sem sakborningi er haldið, eða á sjúkrahúsi ef skýrslu þarf að taka af sjúkum manni.

Algengt er að formleg skýrslutaka af sakborningi vegna minni háttar umferðarlagabrota fari fram á vettvangi brots, á bak við luktar dyr lögreglubifreiðar, þegar skilyrði handtöku eru ekki fyrir hendi.

### D. *Skýrslutaka af sakborningi*

1. *Réttarstaða sakbornings við skýrslutöku*

Sakborningi er skylt, samkvæmt 1. mgr. 61. gr. SML, að sinna kvaðningu til skýrslugjafar hjá lögreglu meðan á rannsókn máls stendur. Sinni sakborningur ekki þessari skyldu sinni er heimilt að handtaka hann og færa til skýrslutöku á grundvelli b-liðar 3. mgr. 90. gr. SML.

Ef taka á skýrslu af sakborningi yngri en 18 ára vegna ætlaðs brots gegn almennum hegningarlögum eða brots gegn öðrum lögum, sem varðað getur þyngri refsingu en tveggja ára fangelsi, skal tilkynna það barnaverndarnefnd sem getur sent fulltrúa sinn til að vera við skýrslutökuna. Samkvæmt lögum nr. 19/1991 var tilkynningarskylda þessi til barnaverndarnefndar bundin við það ef taka átti skýrslu af sakborningi, yngri en 16 ára, án tillits til eðlis þess brots sem honum var gefið að sök. Þessi tilkynningarskylda er nú miðuð við að um sé að ræða *meiri háttar brot*, þ.e. annaðhvort brot gegn almennum hegningarlögum eða brot gegn öðrum lögum, ef það getur varðað þyngri refsingu en *tveggja ára fangelsi*. Þá hefur það


www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

RioTinto Alcan

alvarr ehf
Boranir & verkfræðiþjónusta
894 1624 www.alvarr.is

AVIS

ÞJÓNUSTUAÐILI HEKLU
BETRI BÍLAR ehf.
BÍLAVERKSTÆÐI
Skeifan 5c - 108 Reykjavík - 568 1411 - betribilar@simnet.is
Volkswagen

aldursmark, sem vísað var til í 4. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1991, þ.e. 16 ár, verið hækkað í 18 ár til samræmis við það að sjálfræðisaldur er nú miðaður við þann aldur

Áður en sakborningur er yfirheyrður, ber samkvæmt 1. mgr. 28. gr. SML að gefa honum upplýsingar um *sakarefnið*, eða við handtöku ef til hennar kemur. „Eðlilegra þykir að vísa til „sakarefnis“ í þessu sambandi en „kæruefnis“, eins og gert var í lögum nr. 19/1991, vegna þess að lögregla byrjar stundum rannsókn máls að eigin frumkvæði án þess að mál sé kært, sbr. 52. gr. SML.“

Við skýrslutöku er sakborningi óskylt að tjá sig um refsiverða háttsemi sem honum er gefin að sök, sbr. 2. mgr. 64. gr. SML, og ber að benda honum á þann rétt þegar efni standa til. Kjósi sakborningur að tjá sig, skal brýna fyrir honum að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kann að skipta, sbr. 3. mgr. 64. gr. SML. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. SML skal sakborningur fyrst spurður um nafn, kennitölu og heimili. „Hvort sem sakborningur kýs að tjá sig um sakarefnið eður ei, verður nefnt ákvæði túlkað svo, að honum sé ávallt skylt að segja lögreglu á sér deili.“ Framangreindra réttinda nýtur sakborningur hvort sem hann er handtekinn og færður til skýrslutöku, kvaddur til skýrslutöku, eða þegar skýrslutaka fer fram á vettvangi brots, án þess að sakborningur sé handtekinn eða sérstaklega tilkvaddur.

Samkvæmt 1. mgr. 143. gr. og 2. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er það sakborningi að refsilausu þótt hann skýri rangt frá *málavöxtum,* hvort heldur er fyrir dómi eða lögreglu. Þrátt fyrir þetta ber að hafa í huga að gefi maður, sem lögreglan hefur afskipti af, upp *rangar persónuupplýsingar um sjálfan* sig, kann það að varða refsingu samkvæmt 1. mgr. 146. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt 2. mgr. 58. gr. SML er að kröfu lögreglu hverjum þeim, sem spurður er, skylt að skýra frá nafni sínu, kennitölu og heimili.

„Sú almenna regla verður talin gilda, að sakborningur eigi rétt á því á hvaða stigi máls sem er, að tjá sig um það sem honum er gefið að sök, auk annarra atriða sem málið varða, en þessi regla er þó ekki lögfest berum orðum. Við skýrslutöku verður sakborningur þó að hlíta því að málfrelsi hans séu settar eðlilegar skorður.“ Framangreind meginregla endurspeglast í **Hrd. 2000:1942** þar sem skýrlega kemur fram það sjónarmið að sakborningur eigi rétt á að tjá sig um málið á rannsóknarstigi, ef slík skýrslutaka verður fyrir fram ekki talin bersýnilega þýðingarlaus.

## *2. Framkvæmd skýrslutöku*

Í 62. gr. SML er mælt fyrir um umgjörð formlegrar skýrslutöku hjá lögreglu af sakborningi og vitnum. Ákvæði 63. gr. SML hafa að geyma almenn fyrirmæli um framkvæmd skýrslutöku hjá lögreglu, hvort sem skýrsla er tekin af sakborningi eða vitni. í 64. gr. SML hafa hins vegar verið teknar reglur um framkvæmd skýrslutöku hjá lögreglu, sem einungis eiga við þegar tekin er skýrsla af sakborningi. Í 66. gr. er loks að finna almennar reglur um skráningu og hljóð- og myndupptöku yfirheyrslna. Verður hér vikið að helstu ákvæðum þessara lagagreina.

Í **2. mgr. 62. gr. SML** segir að skýrslutaka af manni megi ekki standa yfir lengur en í samtals 12 klukkustundir á hverjum 24 klukkustundum. Hafi skýrslutaka staðið yfir lengur en í 4 klukkustundir, þó með stuttum hléum sé, er skylt að ósk skýrslugjafa að gera lengra hlé á henni í minnst 1 klukkustund áður en henni er fram haldið. Séð skal til þess að skýrslugjafi fái að öðru leyti næga hvíld og næringu. „Ákvæði þessarar greinar er mun ítarlegra en í samsvarandi ákvæði 69. gr. laga nr. 19/1991, þar sem einungis var kveðið á um að ekki mætti yfirheyra einstakling lengur en 6 klukkustundir í einu. Þar sem síðastgreint ákvæði var almennt orðað þótti óhjákvæmilegt að breyta þessu, þannig að settar yrðu skorður við lengd skýrslutöku af sakborningi og vitnum, sem kynni að standa sólarhringum saman, þannig að tryggt yrði að hún gengi ekki of nærri andlegri og líkamlegri heilsu þeirra. Með skilyrðinu um nægilega hvíld í lokamálslið 2. mgr. 62. gr. mun til dæmis átt við að skýrslutaka fari ekki fram að næturlagi nema það sé óhjákvæmilegt í þágu rannsóknar.“

Í **3. mgr. 62. gr. SML** segir, að spyrja skuli hvern mann án nærveru annarra sakaðra eða vitna uns ástæða kann að vera til samprófunar. Samprófun fer einkum fram þegar ágreiningur er um mikilsverða þætti málsins sem til rannsóknar er. Samprófun felst í því, að þeir aðilar sem samprófa á, eru leiddir saman, og yfirheyrandi tínir fram þau atriði sem áður hafa komið fram í skýrslum og ekki er sátt um, og reynir að fá fram skýringu á misræminu. Oft ber samprófun þó ekki árangur og eftir stendur orð á móti orði. Í **Hrd. 1994:792** fann Hæstiréttur sérstaklega að því að samprófun skyldi ekki hafa farið fram hjá lögreglu, í máli vegna ætlaðs ölvunaraksturs.

Samkvæmt **3. mgr. 63. gr. SML** skulu spurningar vera skýrar og ótvíræðar. „Þrátt fyrir þetta orðalag er ekkert því til fyrirstöðu að sakborningur skýri sjálfstætt frá málavöxtum, án þess að yfirheyrandi spyrji hann spurninga. Í reynd tíðkast sú aðferð nokkuð í framkvæmd og verða skýrslutökur hérlendis taldar einkennast af blöndu þessara aðferða.“

Í **2. málsl. 3. mgr. 63. gr. SML** segir enn fremur, að ekki megi rugla sakborning með ósannindum eða á annan hátt, eða beita hann neins konar ólögmætri þvingun í orði eða verki. Þrátt fyrir það verður ekki talið óheimilt að haga spurningum á þann veg, að erfiðara sé fyrir sakborning að byggja upp trúverðugan söguþráð, sé talið að hann sé að segja ósatt. Má þar

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

HÓTEL
SJÓMANNAHEIMILIÐ
ØRKIN

FÚSI ehf.

Símaverið
Við svörum fyrir þig
S: 450-5500
simaverid@simaverid.is

SLÖKKVILIÐ
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS


FRUMHERJI HF
Öflugur samstarfsaðili lögreglunnar um allt land.


ÚR Í ÓTRÚLEGU ÚRVALI
ROSENDAHL
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegi 15 - sími 511 1900 - www.sviss.is


Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri
Ísleifur Jónsson
útfararstjóri
Frímann Andrésson
útfararþjónusta
Svafar Magnússon
útfararþjónusta
REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST
Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta
Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta
Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta
Ellert Ingason
útfararþjónusta
Þegar andlát ber að höndum
Önnumst alla þætti útfararinnar
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA
Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

sem dæmi nefna þekkta yfirheyrsluaðferð sem byggist á því að spyrja spurninga um atvik, sem ekki eru í réttri tímaröð. Þó verður yfirheyrandi að gæta þess að einblína ekki um of á að ná fram misræmi í framburði sakbornings, þar sem honum ber ávallt að líta til þeirra atriða sem leyst geta sakborning undan grun, jafnt og þeirra er sýnt geta fram á sekt hans, sbr. 2. mgr. 53. gr. SML. Sem dæmi um ólögmæta þvingun í 2. málsl. 3. mgr. 63. gr. SML mætti nefna hótun um að skýrslugjafa yrði ekki sleppt úr haldi lögreglu nema hann játaði á sig sök.

Í **3. mgr. 64. gr. SML** segir, að sakborningi megi ekki gefa fyrirheit um ívilnanir eða fríðindi ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ekki á valdi lögreglu að veita. „Yfirheyrandi má því ekki segja sakborningi að hann sleppi við refsingu, eða hljóti vægari dóm, ef hann játar á sig sök. Hins vegar má benda sakborningi á þau lagaákvæði, sem gætu orðið honum til hagsbóta ef hann hefur brotið af sér og skýrir hreinskilnislega frá atvikum.“ Í því sambandi koma sérstaklega til álita 8. og 9. tölul. 1. mgr. 70. gr. hgl., sem fjalla um tiltekin atriði er áhrif hafa við ákvörðun refsingar. „Sú regla gildir þó hér á landi, að ákæruvaldinu og lögreglu er óheimilt að semja um það við sakborning hvaða refsingu hann hljóti, þannig að komist verði hjá því að höfða mál gegn honum fyrir dómi.“

Ákvæði **66. gr. SML** eru að nokkru leyti nýmæli, en eiga þó að sumu leyti stoð í 72. gr. laga nr. 19/1991. Þar er kveðið á um að tiltekin atriði varðandi formlega skýrslutöku af sakborningi eða vitni skuli skráð á þar til gert eyðublað, hvort sem skýrslutakan er hljóðrituð, tekin upp á myndband eða mynddisk ellegar rituð af þeim sem skýrslu tekur. Jafnframt eru þar ákvæði um undirritun skýrslugjafa og annarra sem að máli koma.

### 3. *Réttur sakbornings til aðstoðar verjanda og hlutverk verjanda við skýrslutöku*

Samkvæmt IV. kafla SML nýtur sakborningur víðtæks réttar til að fá tilnefndan eða skipaðan verjanda við meðferð máls, hvort heldur sem er á rannsóknarstigi eða fyrir dómi.

**Tilnefning verjanda:** Maður sem handtekinn hefur verið í þágu rannsóknar sakamáls á rétt á því að lögreglan tilnefni honum verjanda, sbr. 1. mgr. 30. gr. SML, hvort sem hann er færður á lögreglustöð eður ei. Tilnefning verjanda samkvæmt þessari grein fellur sjálfkrafa úr gildi þegar sakborningur er látinn laus eða leiddur fyrir dómara skv. 94. gr. SML.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. SML er lögreglu þó heimilt endranær eftir ósk sakbornings að tilnefna honum verjanda við rannsókn máls áður en til málshöfðunar kemur ef ástæða er til þess með tilliti til eðlis brots og aðstæðna að öðru leyti. Þá getur lögregla tilnefnt sakborningi verjanda þótt hann hafi ekki óskað þess ef hann er ekki bær til að gæta hagsmuna sinna sem skyldi við rannsókn máls. Bera má þá ákvörðun undir dómara.

Ákvæði 2. mgr. 30. gr. er nýmæli þar sem gert er ráð fyrir því að lögregla geti tilnefnt sakborningi verjanda meðan á rannsókn máls stendur í fleiri tilvikum en þegar hann er handtekinn. Samkvæmt 35. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 gat dómari skipað sakborningi verjanda, samkvæmt ósk hans, á rannsóknarstigi, ef ástæða var til þess að mati dómara. Framangreint ákvæði 2. mgr. 30. gr. SML gerir hins vegar ráð fyrir því að lögregla taki ákvörðun um þetta atriði í stað dómara meðan mál er enn til til



EJS 1939 70 2009
Endurskoðun & ráðgjöf ehf.
FIT
Þverá • Eyjafjarðarsveit • S. 893 1927
SOS Tölvuhjálp
Er tölvan biluð? Við lögum hana! Komum í heimahús.
TAKK hreinlæti
www.teiknivangur.is
TV Tækniþjónusta Verktakar ehf

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Vignir G. Jónsson ehf.
Smiðjuvöllum 4

## Borgarnes

Borgarverk ehf.
Sólbakka 17-19
Bókhalds og tölvuþjónustan
Böðvarsgötu 11
Eyja- og Miklaholtshreppur
Hofstöðum
JG vélar sf
Lindarholt
JGR umboðs- og
heildverslun ehf.
Sólbakka 6
Landnám Íslands ehf -
Landnámssetur Ísl. Borgarn.
Brákarbraut 13-15
Lögfræðistofa Inga
Tryggvasonar ehf.
Borgarbraut 61
Meindýravarnir Erlendar
Böðvarsgötu 2
Samtök sveitarfélaga á
Vesturlandi
